

6. maí 2022

Hvatningarverðlaun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 2022

Rökstuðningur valnefndar:

Liðsauki í sjálfstæðri búsetu er sólarhringsþjónusta á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir ungt fólk með flóknar þjónustuþarfir. Þjónustan er metnaðarfull og veitir margháttadan stuðning.

Markmiðið með verkefninu er að efla færni einstaklinga til að búa sjálfstætt á eigin heimilum og stuðla að virkri þátttöku þeirra í samfélaginu, hvort sem það er að aðstoða þá við að finna sér vinnu eða nám við hæfi eða auka virkni þeirra í frístundum. Um er að ræða einstaklingsbundna þjónustu við viðkvæman hóp.